

Keila:

8×7 r/l 79,38

Lýsa:

Blokk reg. 90,00

Grálúða:

Heilfr. hausuð yfir 3 kg 63,75

Heilfr. hausuð yfir 2 kg 55,18

Heilfr. hausuð 1—2 kg 39,96

Heilfr. m/h U. S. S. R. 34,47

4×12, lagp. 110,75

4×10, 6×10 og 4×14 107,64

4×6 110,00

1×35 53,92

Blokk U. S. S. R. 79,38

Blokk U. S. A. 80,00

Heilfrystur fiskur 3×9 kg 34,47

Verðbil verður 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22 júlí 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 5 960,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 596,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 10 550,00 á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 1 787 þúsund vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 190,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 95,00 á rúmlest af stálskipum. Þá skal árgjald ekki vera herra en kr. 28 510,00 af einu skipi.

23. júlí 1982.

765

Nr. 452.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 2. gr. gilda frá 1. apríl 1982, en fjárhæðir 3. gr. frá 1. júlí 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júlí 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

26. júlí 1982.

Nr. 453.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 116/1974, um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

4 mgr. 3. gr. orðist svo:

Styrki þessa má greiða vegna allra þeirra barna, sem eiga gilt örorkumat og ekki dveljast á sólarhringsstofnunum (hjúkrunarheimilum, heimilum sjálfseignastofnana eða vistheimilum), skv. 8., 10. og 11. tl. 11. gr. laga nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, eða sjúkráhusum, þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða að fullu dvalarkostnað þeirra.

2. gr.

5. mgr. 3. gr. falli niður.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, staðfestast hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

27. júlí 1982.

Nr. 454.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 256 frá 27. apríl 1981 um breytingu á reglugerð nr. 289 frá 20. júní 1979 við lög nr. 53/1978 um eftirlit með framleiðslu á fódurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

III. kafli orðist svo:

1. gr.

Graskögglar skulu metnir og flokkaðir sem hér segir:

minna en 24% tréni í þe. 80 FE/100 kg fódurs 1,25 kg/FE

24—30% tréni í þe. 70 FE/100 kg fódurs 1,4 kg/FE

meira en 30% tréni í þe. 64 FE/100 kg fódurs 1,6 kg/FE